

Fundargerð 8. fundar ferðamálaráðs

Fundur haldinn á Teams 11. desember 2023, kl.14:00 – 15:00

Mætt: Sigrún Elsa Smáradóttir formaður (tilnefnd af MVF), Ingvi Már Pálsson (MVF), Páll S. Brynjarsson (SAF, þurfti að víkja af fundi), Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir (tilnefnd af FJR), Þórdís Lóa Þórhallsdóttir (SÍS), Arnar Már Ólafsson (FMS), Bjarnheiður Hallsdóttir (SAF), Ingvar Mar Jónsson (IRN)

Höfðu boðað forföll: Arnheiður Jóhannsdóttir varaformaður (tilnefnd af MVF), Jóhannes Þór Skúlason (SAF).

Fjarverandi: Steinar Ingi Kolbeinsson (URN).

Sigrún Elsa formaður hóf fundinn á stuttum inngangi. 30 umsagnir eru komnar um fyrstu drög aðgerðaráætlunarinnar inn í samráðsgátt. Umsagnir koma úr mörgum áttum, þar á meðal sveitarstjórnnum. Sigrún velti því upp hvort Ferðamálaráð ætti að skila inn umsögn og þá með hvaða hætti það yrði gert.

Fyrirhugað er að kynna drögin á fundum um allt land. Ekki eru komnar dagsetningar.

Starfshóparnir sjö eru nú að vinna úr þeim umsögnum sem bárust og eiga að skila inn lokadrögum til stýrihóps þann 15. janúar n.k. Sigrún velti því upp hvort umsögn ferðamálaráðs ætti að fara beint til ráðherra eða til stýrihóps.

Formaður opnaði fyrir umræður um drögin og aðkomu ferðamálaráðs að þessari vinnu. Þessar vangaveltur helstar:

- Einn fundarmanna taldi eðlilegt að umsögn ferðamálaráðs færi beint til ráðherra.
- Fundarmenn sammála að þessi vinna væri mjög góð, margar góðar tillögur eru í drögnum en efnið mjög yfirgripsmikið sem á eftir að fara í frekara rýni.
- Einn fundarmanna benti á að það væri verið að setja meiri kröfur á íslensk fyrirtæki heldur en erlenda aðila sem starfa hér á landi. Engar beinar tillögur eru í drögnum sem ná til þessara erlendu aðila sem eru ekki með starfsleyfi hér á landi og sumir hverjir ekki einu sinni með starfsleyfi á evrópska efnahagssvæðinu. Mikilvægt er að tryggja samkeppnishæfni og að kröfur til innlendra fyrirtækja og þeirra sem eru ekki með íslenska kennitölu séu þær sömu. Það þarf að skoða lagaumhverfi og regluverk gagnvart erlendum aðilum sem hér starfa.
- Gistnáttaskatti var fagnað að hálfu eins fundarmanna sem lýsti um leið yfir áhyggjum af svokölluðu innviðagjaldi. Taldi sá hinn sami að það væri fremur óljóst hvað í því fælist. Lýst var yfir áhyggjum af sveitarfélögum úti á landi, sérstaklega þeim smærri. Ekki er hægt að taka afstöðu til allra tillagnanna í drögnum þar sem þetta er gríðarlega mikið efni og er enn í vinnslu.
- Í drögnum kemur fram að miða skuli við að um 1% af virðisauka í greininni fari til gagnaöflunar og rannsókna. Spurt var hvaðan það fjármagn eigi að koma?
- Framkvæmd vinnunnar var rædd. Hvaða aðferðafræði er best að nota til að vinnan skili þeim árangri sem vonast er eftir. Mikilvægt að ferðamálaráð hafi skýra sýn hvað varðar aðkomu ráðsins.
- Talað var um að í drögnum eru aðgerðir sem virka þvert á alla starfshópana. Það á eftir að para saman og vinna þessar hugmyndir meira og í næsta fasa vinnunnar munu hlutir skýrast betur.

- Það var álit eins fundarmanna að það hefði mátt vinna tillögurnar betur áður en þær fóru í samráðsgáttina, þetta er efnislega mjög mikið og fyrir marga snúið að fara í gegnum allt þetta efni.
- Bent var á að það er engin kostnaðaráætlun komin og ekki einu sinni vitað hvort eitthvað fjármagn muni fylgja þessum aðgerðum.
- Það skiptir sveitarfélögin miklu máli að það renni einhver tekjustofn til þeirra út frá þessum aðgerðum.
- Til þess að hægt sé að fjármagna aðgerðirnar þarf að setja þetta fram sem þingsályktunartillögu. Það er megintilgangurinn.
- Kostnaðarmeta þarf hverja aðgerð. A.m.k. þarf að gera gróflega áætlun.
- Ekki ólíklegt að það komi fram einhver forgangsröðun verkefna.
- Skýrt þarf að vera fyrir hverja aðgerð hver sé ábyrgðaraðili og hver sé framkvæmdaraðili.
- Það þarf eftirfylgni með verkefninu. Á einhverjum tímapunkti þarf að endurmeta aðgerðirnar og hvernig til hefur tekist. Ferðamálaráð gæti haft ákveðnu hlutverki að gegna hvað þetta varðar.
- Tvöfalt umsagnarkerfi. Stýrihópur skilar lokadrögum til ráðherra þann 15. febrúar n.k. Eftir það verða drögin sett aftur í samráðsgátt.
- Fyrirhugað er að ferðamálaráð fundi næst um mánaðarmótin janúar febrúar og skili inn umsögn til stýrihóps fyrir 15. febrúar n.k.

Nýr tengiliður, sem tilnefndur er af innviðaráðuneyti, var kynntur til leiks. Það er Ingvar Mar Jónsson sem kemur í stað Sigtryggs Magnasonar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 15:00

Reykjavík 13. desember 2023
Fundargerð ritaði Alda Þrastardóttir (FMS)